

1 Nafn - heimili - póstnúmer greiðanda / milligönguaðila ef um vaxtagreiðslu er að ræða

2 Kennitala

3 Greiðslutímabil

4 ISAT 2008

5 OECD-kóði

6 Fjöldi viðtakenda greiðslna

7 Mótakandi vaxtatekna	8 Réttahafi vaxtatekna (Beneficial Owner)	9 Heimilisfestarríki	10 OECD kóði	11 Skattprósenta	12 Fjárhæð vaxta	13 Fjárhæð staðgreiðslu
Samtala					14 Samtala úr reitum 12	15 Samtala úr reitum 13

.....
Dagsetning

.....
Undirskrift greiðanda

1 Nafn - heimili - póstnúmer greiðanda / milligönguaðila ef um vaxtagreiðslu er að ræða

2 Kennitala

3 Greiðslutímabil

4 ISAT 2008

5 OECD-kóði

6 Fjöldi viðtakenda greiðslna

7 Mótakandi vaxtatekna	8 Réttahafi vaxtatekna (Beneficial Owner)	9 Heimilisfestarríki	10 OECD kóði	11 Skattþrósenta	12 Fjárhæð vaxta	13 Fjárhæð staðgreiðslu
Samtala					14 Samtala úr reitum 12	15 Samtala úr reitum 13

.....
Dagsetning

.....
Undirskrift greiðanda

SKÝRINGAR

Þetta eyðublað á eingöngu að nota við staðgreiðsluskil á sköttum vegna takmarkaðrar skattskyldu samkvæmt **3., 6. og 8. tölu**l. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Þeir sem bera takmarkaða skattskyldu samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum eru aðilar sem eiga heimilisfesti erlendis og/eða dvelja hér á landi 183 daga eða skemur á sérhverju tólf mánaða tímabili.

Eyðublaðið skal **ekki** notað vegna skila á staðgreiðslu skatta **launþega** sem falla undir **1. og 2. tölu**l. **3. gr.** nefndra laga. Um skattskil þeirra gilda almennar reglur og skal nota í því tilviki eyðublöð **RSK 5.06 og RSK 5.11** við skattskil eða senda viðkomandi upplýsingar með vefskilum um vefsíðu Skattsins, *skatturinn.is*.

Þeim sem inna af hendi greiðslur sem falla undir takmarkaða skattskyldu ber að fylla eyðublaðið út, dagsetja og undirrita og skila innheimtumanni ríkissjóðs í því umdæmi þar sem hann á lögheimili ásamt greiðslu skatta sé um skattgreiðslu að ræða. **Uppgjörstímabil er almanaks mánuður og gjalddagi vegna liðins mánaðar 1. næsta mánaðar en eindagi 14 dögum síðar.**

Í skýringum við reit 15 er gerð grein fyrir hvaða greiðslur falla undir takmarkaða skattskyldu en leiki vafi á um slíkt skal leita upplýsinga hjá viðkomandi skattstjóra auk þess sem almennar upplýsingar um takmarkaða skattskyldu er að finna á vefsíðu Skattsins, *skatturinn.is*.

Reitir 1, 2, 4 og 5 veita upplýsingar um greiðanda/milligönguaðila ef um vaxtagreiðslu er að ræða.

Reitur 1-3 *Nafn – heimili – pósthúmer – kennitala – greiðslutímabil*
Greiðandi/milligönguaðili ef um vaxtagreiðslu er að ræða, skal færa hér upplýsingar um nafn sitt, heimili og pósthúmer. Einnig ber að fylla út reitinn fyrir greiðslutímabil, þ.e. mánuð og ár sem sundurliðunin nær til (sex tölustafir), t.d. janúar 2017: 012017.

Einstaklingum, félögum og öðrum aðilum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hér á landi ber að tilkynna sig til skráningar í fyrirtækjaskrá Skattsins. Aðilar sem skráðir eru í fyrirtækjaskrá eru auðkenndir með kennitölu. Einstaklingar, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu sækja um kennitölu hjá Hagstofu Íslands, þjóðskrá, en félögum og öðrum aðilum í atvinnurekstri er úthlutað kennitölu af fyrirtækjaskrá Skattsins. Nefndir aðilar skulu færa kennitölu sem þeim hefur þannig verið úthlutað í reit 2.

Reitur 4 *ISAT 2008*

Í reit 4 skal færa atvinnugreinaúmer samkvæmt Íslenski atvinnugreinaflokknun ÍSAT 2008. Um atvinnugreinaflokkinna ÍSAT 2008 er fjallað á vef Hagstofu Íslands og á vef Skattsins.

Reitur 5 *OECD-kóði greiðanda*

Í þennan reit skal greiðandi færa eftir því sem við á þann OECD-kóða sem tilgreindir er hér að neðan:

01 Einstaklingur	05 Ríkis- eða alþjóðastofnun
02 Hlutfélag og einkahlutfélag	06 Annað
03 Sameignarfélag	07 Óþekkt
04 Samtök önnur en tilgreind eru í 02 eða 03	

Reitur 6 *Fjöldi viðtakenda greiðslna*

Í reit 6 skal tilgreina fjölda viðtakenda greiðslna sem sundurliðunin tekur til. Ef nauðsynlegt er að tilgreina sama aðila (sama auðkennisnúmer viðtakanda) tvisvar eða oftar vegna sundurliðunar, þar sem um mismunandi greiðslutegundir til sama aðila er að ræða, skal hann aðeins talinn einu sinni.

Reitur 7 til 14 veita upplýsingar um móttakanda greiðslunnar.

Reitur 7 *Heimilisfestaríki*

Í þennan reit skal færa inn landalykil þess lands þar sem viðtakandi greiðslu á heimilisfesti erlendis að því er skattskyldu varðar. Landalykillinn skal vera í samræmi við staðalinn ISO 3166 (tveir bókstafir), t.d. DK fyrir Danmörk. Upplýsingar um landalykla má finna í fylgiskjali með rafrænni útgáfu af eyðublaði RSK 5.41 á vef Skattsins, *skatturinn.is*.

Reitur 8 *Erlend skattkennitala/auðkennisnúmer*

Greiðandi skal ávallt krefja viðtakanda greiðslu um skattkennitölu (Tax Identification Number (TIN)) sem honum hefur verið gefin samkvæmt lögum og reglum þess lands þar sem hann á heimilisfesti erlendis og ber ótakmarkaða skattskyldu. Skattkennitöluna ber að færa hér. Liggja hún ekki fyrir skal greiðandi afla upplýsinga um auðkennisnúmer viðtakanda (Identification Number eða Social Security Number) þar sem hann á heimilisfesti og hin erlendu skattfyrvöld nota í skattalegu tilliti.

Í fremri hluta þessa reits skal skrá bókstafinn **T** þegar um skattkennitölu (TIN (Taxpayer identification Number)) er að ræða eða bókstafinn **A** liggja hún ekki fyrir og um annað erlent auðkennisnúmer er að ræða.

Reitir 9, 12, 13 og 14 *Nafn og heimilisfang viðtakanda greiðslu.*

Nöfn manna skal skrá þannig að **fjölskyldunafn einstaklings** komi á undan skírnamnafn, millinafni, og/eða fangamarki (ef um það er að ræða).

Reitur 10 *OECD-kóði viðtakanda greiðslu*

Í þennan reit skal færa eftir því sem við á OECD-kóða viðtakanda greiðslu sem eru hinir sömu og gilda um greiðanda og tilgreindir eru í skýringum með reit 5.

Reitur 11 *Íslensk kennitala hjá viðtakanda greiðslu*

Hafi viðtakanda verið úthlutað íslensk kennitala skal færa hana hér.

Reitur 15 *Tegund greiðslu*

Í þessum reit skal gerð grein fyrir tegund þeirrar greiðslu sem viðtakandi fær fyrir veitta þjónustu, aðra starfsemi eða réttindi með tilliti til takmarkaðrar skattskyldu samkvæmt 3., 6. eða 8. tölu. 3. gr. laga um tekjuskatt. Færa skal hér inn viðkomandi lykil samkvæmt töflunni hér til hliðar. Ef um tvönn konar eða fleiri greiðslutegundir er að ræða vegna sama viðtakanda ber að gera grein fyrir hverri greiðslutegund fyrir sig með því að skrá auðkennisnúmer hans á ný í nýja línu og gera þar grein fyrir viðkomandi greiðslu. Í eftirfarandi töflu eru tilgreindir lykjar (þriggja tölustafa kóði) fyrir hverja greiðslutegund fyrir sig og þær skattþrósentur sem almennt ber að leggja á viðkomandi greiðslu til nefndra aðila. Ísland hefur hins vegar gert tvíhliða samninga við nokkur ríki sem ýmist getur leitt til skattundanþágu eða lækkunar skatta á tilteknar tekjur. Má nálgast upplýsingar um slíkar skattaívilnanir á *rsk.is*.

Reitur 16 *Fjárhæð greiðslu*

Í þennan reit skal færa **heildarfjárhæð** greiðslu í íslenskum krónum, **án nokkurs frádráttar**. Ef um tvönn konar eða fleiri greiðslutegundir er að ræða ber að gera grein fyrir hverri tegund greiðslu fyrir sig.

Reitur 17 *Skattgreiðsla*

Í þennan reit skal færa heildarfjárhæð þeirra skatta sem standa ber skil á. Greiðandi þarf þó ekki að reikna út skattgreiðslur frekar en hann vill, þar sem innheimtumaður ríkissjóðs reiknar út í tölvukerfi þá skatta sem kunna að falla á greiddar fjárhæðir sem takmörkuð skattskylda gildir um. Til samanburðar við

Lykill	Tegundir skattskyldra greiðslna	Skatthlutfall	
		Tekjuskattur	Útsvar
301	Greiðslur eða þóknarir til manna , listamanna eða annarra, sem koma fram í atvinnuskyni til skemmtunar eða í hvers konar keppni	15%	Já
302	Greiðslur eða þóknarir til lögaðila vegna listamanna eða annarra sem koma fram í atvinnuskyni til skemmtunar eða í hvers konar keppni	15%	Nei
303	Afrakstur manna , listamanna eða annarra, sem koma fram í atvinnuskyni til skemmtunar eða í hvers konar keppni án ákveðinna launa eða þóknunar	15%	Já
304	Afrakstur lögaðila vegna listamanna eða annarra sem koma fram í atvinnuskyni til skemmtunar eða í hvers konar keppni án ákveðinna launa eða þóknunar	15%	Nei
305	Greiðslur til sjálfstætt starfandi manna fyrir aðra þjónustu og starfsemi	15%	Já
306	Greiðslur til lögaðila fyrir aðra þjónustu og starfsemi	15%	Nei
Tekjur af leigu á lausafjarmunum, einkaleyfum og hvers konar réttindum og sérþekkingu:			
611	Tekjur manna	18%	Já
612	Tekjur félaga með ótakmarkaða ábyrgð t.d. sameignarfélag	18%	Nei
613	Tekjur félaga með takmarkaða ábyrgð t.d. hlutfélag	18%	Nei
Hagnaði af sölu lausafjár, einkaleyfa og hvers konar réttinda eða sérþekkingar:			
621	Tekjur manna	18%	Nei
622	Tekjur félaga með ótakmarkaða ábyrgð t.d. sameignarfélag	18%	Nei
623	Tekjur félaga með takmarkaða ábyrgð t.d. hlutfélag	18%	Nei
Tekjur af afnotum eða rétti til hagnýtingar á lausafjarmunum, einkaleyfum og hvers konar réttindum eða sérþekkingu:			
631	Tekjur manna	18%	Já
632	Tekjur félaga með ótakmarkaða ábyrgð t.d. sameignarfélag	18%	Nei
633	Tekjur félaga með takmarkaða ábyrgð t.d. hlutfélag	18%	Ne
Vaxtatekjur			
801	Tekjur manna	15%	Nei
802	Tekjur félaga með ótakmarkaða ábyrgð t.d. sameignarfélag	15%	Nei
803	Tekjur félaga með takmarkaða ábyrgð t.d. hlutfélag	15%	Nei

* Vinsamlegast athugið að útsvar bætist við tekjuskatt einstaklinga. Upplýsingar um útsvar einstaklinga er að finna á vef Skattsins, *skatturinn.is*.

álagningu og útreikning innheimtumans er þó mælt með að greiðandi reikni sjálfur út skattgreiðslunnar. Í töflu í skýringum við reit 15 hér að framan er gerð grein fyrir skatthlutfalli (tekjuskatti og útsvari ef um það er að ræða) sem gildir um hverja greiðslutegund og reiknað skal af skattstofni. Gæta ber að ákvæðum tvísköttunarsamninga sem Ísland er aðili að sem leitt geta til niðurfellingar/ lækkunar á sköttum eða endurgreiðslu, sjá vef Skattsins, *skatturinn.is*.

Reitir 18 og 19 *Samtala*

Í þessa reiti skal færa samtölu fjárhæða í dalkum 16 og 17 hafi skattar verið reiknaðir út af greiðandi, sbr. skýringar við dálk 16.